

## **Yfirlýsing forsætisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar um framgang stöðugleikasáttmálans**

Þann 25. júní sl. undirrituðu Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtök atvinnulífsins, ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga stöðugleikasáttmála er ætlað var að stuðla að endurreisn íslensks efnahagslífs. Áhersla var lögð á að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og að leggja grunn að bættum lífskjörum til framtíðar. Aðilar voru sammála um mikilvægi þess að styrkja stöðu heimilanna, verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera eins og aðstæður frekast leyfa.

Aðilar sáttmálans hafa unnið sameiginlega að framgangi hans og annarra brýnna samfélagsverkefna á formlegum samráðsvettvangi undir forystu forsætisráðherra. Afar brýnt er að því samstarfi verð haldið áfram. Ítrekað hefur komið fram skýr afstaða allra aðila um mikilvægi stöðugleikasáttmálans og vilji til að halda samráðinu áfram í anda sáttmálans. Þrátt fyrir skamman tíma og óvenjulegt ástand í þjóðfélaginu hefur árangur náðst á fjölmörgum sviðum. Þar má m.a. nefna:

- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun taka endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands fyrir á fundi sínum 28. október nk. Í kjölfarið kemur erlend lánafyrirgreiðsla sem mun styrkja gjaldeyrisforðann um rúmlega 100 milljarða kr.
- Vel hefur tekist til við endurreisn bankanna og vonir standa til þess að það flýti fyrir eðlilegu flæði fjármagns inn og út úr landinu.
- Íslensk stjórnvöld hafa náð samkomulagi við bresk og hollensk stjórnvöld um frágang á uppgjöri svokallaðra Icesave-reikninga.
- Alþingi hefur samþykkt lög um sérstakar aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldmiðilshrunsins.
- Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem ætlað er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja.
- Drög að fjárfestingarsamningi milli Verne Holding ehf. og ríkisstjórnarinnar um byggingu og rekstur gagnavers í Reykjanesbæ hafa verið undirrituð.
- Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing við þrjú sveitarfélög í Þingeyjarsýslum um aðgerðir til að stuðla að atvinnuuppbygginu sem byggir á nýtingu jarðvarma á svæðinu.
- Vel miðar í viðræðum ríkisins við lífeyrissjóði um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun stórra framkvæmdaáforma. Þar má m.a. nefna byggingu nýs Háskólasjúkrahúss, Búðarhálsvirkjun, Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Vaðlaheiðagöng.

- Ríkisstjórnin stendur við fyrri heit sín um að greiða götu þegar ákveðinna og áformaðra stórframkvæmda á Suðurnesjum og í Straumsvík. Auk þess er unnið að útboðum ýmissa vegafframkvæmda, viðhaldsverkefna og hafnaframkvæmda á vegum ríkisins.
- Launanevnd ríkisins hefur lokið samningum við ASÍ og flest aðilarfélög BSRB. Samningar við framhaldsskólakennara eru á lokastigi.
- Unnið er að mótun hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga sem kveður á um virkan vettvang fyrir aukið efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga.
- Vel miðar vinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við mótun sameiginlegra viðmiða sem fylgt verður við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja.

Gerð stöðugleikasáttmálans síðastliðið vor var sögulegur og sameiginlegur áfangi til að hefja endurreisn efnahagslífsins og auka tiltrú þjóðarinnar á framtíðina. Það sem þegar hefur áunnist við framfylgd sáttmálans gefur ótvírætt til kynna að það er þjóðarnauðsyn að halda því verki áfram. Ríkisstjórnin er eindregið fylgjandi því að svo geti orðið og lýsir yfir vilja sínum til lausnar eftirtalinnna brýnu verkefna:

**Ríkisfjármál og skattamál.** Í stöðugleikasáttmálanum sem undirritaður var í júní síðastliðnum kom fram að fyrirsjáanlegt væri að tekjustofnar ríkisins myndu dragast mikið saman og að mikilvægt væri að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðum til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum yrði ekki of mikil. Þannig yrðu skattar lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða á komandi árum og ekki hærra hlutfall en 45% að heildaraðlöguninni yfir tímabilið 2009-2011.

Fram hafa komið athugasemdir um umfang aðhaldsaðgerða ríkisfjármála og áformaðar skattahækkunarir. Því mun ríkisstjórnin á næstu vikum eiga náúð samráð við aðila vinnumarkaðarins við að greina þær tekju- og útgjaldaforsendur sem liggja til grundvallar framkomnu fjárlagafrumvarpi. Mögulegar breytingar á aðlögunarmarkmiði munu koma til lækkunar á tekjuöflun ríkisins eins og hún er kynnt í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010, bæði er varðar einstaklinga og fyrirtæki.

Svo sem ríkisstjórnin hefur þegar heitið mun hún eiga samráð við fyrirtæki og samtök þeirra um endanlega markmiðssetningu og útfærslu tekjuöflunar er snýr að þeim. Áform um nýja skatta er tengjast orku-, auðlinda- og umhverfismálum munu verða tekin til endurskoðunar. Í stað þeirrar skattheimtu er að hluta til, og að því marki sem þannig næst, horft til þess að atvinnulífið taki á sig nauðsynlega hækkun á atvinnuþryggingagjaldi eða aðra skattheimtu til að afla sömu heildarskatttekna.

Sömuleiðis verður, svo sem lofað hefur verið, haft samráð við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins um markmið og útfærslur á tekjuskattlagningu einstaklinga, sem stefnt er að liggja fyrir fljótlega í nóvembermánuði. Lögð verður áhersla á að tryggja stöðu þeirra sem minnstar tekjur hafa og að ekki komi til aukinnar skattbyrði á lægstu laun með hliðsjón af fyrri markmiðum um breytingu á skattleysismörkum.

**Greiðslu- og skuldavandi heimilanna.** Í undirbúningi eru frekari aðgerðir til aðstoðar heimilum í greiðslu- og skuldavanda, m.a. breyting á lögum um greiðsluaðlögun skulda heimilanna.

**Atvinnuleysistryggingar.** Ríkisstjórnin er tilbúin til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um fyrirkomulag þjónustu við atvinnulausa þannig að aðilar vinnumarkaðarin axli verulega ábyrgð á framkvæmd atvinnuleysistrygginga og að stéttarfélög geti komið að því að sinna þeirri þjónustu. Lögð verður áhersla á að samstaða náist milli þeirra sem málið varðar. Grundvallaratriði er að samræmd réttindi atvinnulausra verði byggð á lögum.

**Atvinnumál.** Kapp verður lagt á atvinnusköpun og að greiða fyrir fjárfestingum í atvinnulífinu. Stjórnvöld munu hraða úrvinnslu mála sem tengjast þegar ákveðnum og fyrirhuguðum stórframkvæmdum eftir því sem efni máls og lögbundnir lágmarkstímafrestir leyfa. Ríkisstjórninni er ljóst að mikilvægar ákvarðanir hjá viðkomandi fyrirtækjum um stórframkvæmdir eru framundan fyrir lok nóvembermánaðar.

**Sjávarútvegsmál.** Ríkisstjórnin lýsir því yfir að engin breyting hefur orðið varðandi þann sáttafarveg sem endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar var sett í með skipun nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sumar, þar sem forsenda nefndarstarfsins er að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma.

**Gjaldeyrishömlur og vextir.** Gild ástæða er til að ætla að nú séu að skapast betri skilyrði fyrir lækkun stýrivaxta Seðlabanka og að almennt vaxtastig í landinu geti farið lækkandi, líkt og upphaflega var stefnt að við undirritun stöðugleikasáttmálans. Samningar við önnur ríki í ágreiningsmálum, endurskoðun á samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og skýr markmiðssetning í ríkisfjármálum stuðla að lækkun vaxtastigsins.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans er áformað að afnám gjaldeyrishafta hefjist 1. nóvember nk. og munu stjórnvöld leggja kapp á að svo verði. Í framhaldi af því verður gerð ný áætlun um markvissari skref í afnámi haftanna en í fyrirliggjandi áætlun.